



SKÝRSLA UM FLUGSLYS

(Sbr. lög nr. 59/1996 um rannsókn flugslysa)

Skrásetningarmerki: TF-OWL

Tegund: Denny Kitfox III.

Við Stíflisdalsvatn í Þingvallasveit, Árnessýslu.

28. júlí 2000.

=====
Markmið flugslysarannsókna er að greina orsakarétti flugslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og stuðla að því að öryggi í flugi megi aukast. Tilgangurinn er ekki að skipta sök og/eða ábyrgð. Skýrslu Rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki beitt sem sönnunargagni í opinberum málum, en rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við flugslys er óháð rannsókn flugslysa skv. lögum nr. 59/1996 um rannsókn flugslysa (sjá 1. gr. og 14. gr.).
=====

Loftfar: Denny Kitfox III.

Tilraunaflug/Heimasmíði.

Skráður eigandi: [REDACTED]

Áhöfn: Einn.

Slysstaður: Við Stíflisdalsvatn, Þingvallasveit, Árn. (64°15' N 21°20' V) **Dagsetning:** 28. júlí 2000, um kl. 17:40.

Skrásetning: TF-OWL.

Rekandi/Notandi: Eigendur.

Farþegar: Enginn.

YFIRLIT. Einkaflugmaður og einn eigenda flugvélarinnar TF-OWL hafði lent á túni við sunnanvert Stíflisdalsvatn, nálað sumarbústað kunningja síns. Eftir nokkra viðdvöl hóf hann flug á ný til vesturs. Eftir flugtakið snéri hann við og kom til baka með fram túninu en snéri síðan frá, hækkaði flugið og tók stefnuna til suðvesturs á Reykjavík. Sjónarvottar telja að flugvélin hafi minnkað flughraðann og sveigt aðeins til hagrí en fallið síðan skyndilega út á hagrí vænginn og inn í gormflug eða spuna til jarðar. Flugmaðurinn slasaðist alvarlega og flugvélin skemmdist mikil.

I skýrslu þessari kemur fram, að líklegasta orsök slyssins var að flughraðinn minnkaði svo í klifrinu að flugvélin ofreis. Flughæðin var þá ekki nægileg til þess að flugmanninum tókist að ná eðlilegu flugi á ný.

Rannsóknarnefnd flugslysa gerir ekki tillögur til úrbóta í öryggisátt.

1.1 Flugið.	1.2 Meiðsl.	1.3 Skemmdir á loftfarinu.	1.4 Aðrar skemmdir.
Sjá bls. 2	Alvarleg.	Miklar skemmdir á skrokk og vængjum.	Engar.

1.5 Flugmaðurinn. Karlmaður 40 ára, handhafi skírteinis einkaflugmanns útgefið af Flugmálastjórn [REDACTED] 1998. Skírteinið og áritanir þess voru í gildi og hann hlaut réttindi til þess að stjórna þessari flugvél [REDACTED] 1998. Hann stóðst síðast tilskilda heilbrigðissskoðun 20. febr. 2000. Heildar flugtími hans var samtals 210:36 klst. Þegar slysið varð. Þar af voru 6:54 klst. á þessa flugvél, allt flogið sl. 90 dagana fyrir slysið og þar af voru um 4 klst. með kennara sem þálfæði hann á flugvélina.

1.6 Loftfarið. Flugvél TF-OWL er af gerðinni Denny Kitfox III og raðnúmer framleiðanda er 1115. Hún var sett saman og smíði hennar var lokið á Íslandi árið 1995. Flugvélin er tveggja sæta háþekja, dúkklað stálgrind, búin einum 65 ha. Rotax 582 UL, Bombardier tvigengis strokkhreyfli, raðnúmer 4170961 og hefur þriggja blaða tréloftskrúfu. Flugvélin er skráð til tilraunaflugs og fékk fyrsta loftháskírteini hinn 25. júlí 1995.

Samkvæmt upplýsingum skráðs eiganda, hafði hann selt flugmanninum og þremur öðrum mönnum hlut í flugvélinni, en þegar slysið varð var eftir að ganga formlega frá þeiri skráningu. Þá var heildar flugtími flugvélarinnar svo og gangtími hreyfilsins hinn sami, eða samtals 137:24 klst. Síðasta skoðun sem gerð var á flugvélinni og hreyflinum, var ársskoðun gerð 25. maí 2000. Síðan hafði flugvélinni verið flogið samtals 13:00 klst. Ekkert kom fram í gögnum flugvélarinnar sem bent til tæknilegra bilana eða vandamála.

Loftháskírteini flugvélarinnar gilti til 31. maí 2001. Flugvélin var ábyrgðar- og húftryggð hjá Ísvá ehf., Reykjavík.

1.7 Veður.	1.8 Leiðsögutáki.	1.9 Fjarskipti.
Léttskýjað, skyggni gott, vindur breytilegur og hagrí, um 5 hn. af norðri. Loftthiti um +16°C. QNH var 1018 hPa.	Á ekki við.	Óviðkomandi.

1.10 Flugvöllur.	1.11 Flugritar.	1.13 Læknisfræðilegar/meinafræðilegar rannsóknir.	1.14 Eldur.
Á ekki við.	Á ekki við.	Á ekki við.	Kom ekki upp.

1.12 Flakið - árekstur við jörð. Rannsakandi RNF kom á slysstað um 1 klst eftir að slysið varð. Þá hafði flakið verið sett á réttan kjöl og flugmaðurinn sem festist í því hafði verið losaður. Lögreglan í Árnessýslu og björgunarmenn voru á staðnum auch sjónarvottar að slysinu. Flak flugvélarinnar var á grasbalta um 60-70 m sunnan túnsins þar sem flugið var hafði. Það hékk saman og var á réttum kili, en stjórnklef Finn hafði verið klippur sundur til þess að losa flugmanninn.

Flugvélin hafði komið mjög bratt niður á nefið eða í um 70° horni við jörð og stóð upp á endann í um 70° horni við jörð þegar hún stöðvaði. Hún hafði þá snúist um 180° miðað við flugstefnuna, þannig að flakið stefndi í um 90°. Vægimir og verksummerki báru með sér að flugvélin hafði komið niður á nefið. Framendi skrokksins eða stjórnklef Finn hafði gengið saman og brothað mikið, en afturhluti skrokksins og stéhlutinn voru lítið skemmdir. Aðremur eldsneytistönkum höfðu verið um 90 lítrar af eldsneyti, þar af er einn 6 lítra tankur aftan við sátt. Allt eldsneytið laik niður eftir slysið, enda var mikil eldsneytislykt á slysstað og eldsneytisflekkur á jörðinni.

Hreyfillinn og snúningshraðamátaður hans báru með sér, að mikill snúningur hafði verið á hreyflinum.

1.15 Möguleikar á að komast af.	1.16 Prófanir og rannsóknir.
Flugmaðurinn var fastur í stjórnklefanum sem gekk saman og það tók aðvifandi fólk nokkurn tíma að losa hann. Um 90 l af eldsneyti láku niður án þess að eldur kænni upp. Flugmaðurinn sem hlaut alvarleg meiðsli á fótum, handleggjum og í andliti, hafði fjögurra punkta lenda- og axlaólar sínar tryggilega spenntar.	Sjá bls. 2.

1.17 Skipulag og stjórnun.	1.18 Viðbótarupplýsingar.	1.19 Sérhæfð rannsóknartákní.
Óviðkomandi.	Engar.	Ekki viðhöfð.

2. GREINING PÁTTA.

Sjá bls. 2.

3. NIÐURSTÖÐUR.

Líklegir orsakarættir eru merktir með stjörnu.*

- 3.1 Flugmaðurinn var með gild réttindi og reynslu til þessa flugs.
- 3.2 Skjöl flugvélarinnar voru í gildi og skyldutrygging var fyrir hendi.
- * 3.3 Flugmaðurinn hafði líttal reynslu á þessa tegund flugvélá.
- * 3.4 Flughraðinn minnkaði svo í klifrinu, að flugvélin ofreis, felli út á vænginn og inn í gormflug eða spuna.
- * 3.5 Flughæðin var ekki nægileg til þess að flugmanninum tókist að ná eðlilegu flugi á ný.

4. TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT.	5. FYLGISKJÖL.
Engar.	5.1 Uppdráttur af vettvangi.

1. MÁLAVEXTIR.

1.1 Um flugið.

Einkaflugmaður og einn eigenda flugvélarinnar TF-OWL hugðist skreppa í stutta flugferð frá Reykjavíkurflugvelli til kunningja sinna í Stíflisdal í Þingvallasveit. Hann fyllti eldsneytisgeyma flugvélar-innar, skoðaði hana fyrir flugið og gekk úr skugga um að eldsneytisblandan væi rétt fyrir tvígengishreyfilinn. Flugáælunin hljóðaði upp á 2 klst. flug og flugþolið gaf hann 10 klst. og flugtak af Reykjavíkurflugvelli var kl. 15:45.

Flugmaðurinn flaug upp Mosfellsdal, yfir Mosfellsheiði og í Stíflisdal. Þegar þangað kom, fram-kvændi hann nokkrar snertilendingar á túni við sunnanvert Stíflisdalsvatn nálægt sumarbústað kunningja síns. Túnið er um 600 m. langt og stefna þess er austlag/vestlag. Eftir nokkra hríð kom bifreið akandi frá sumarbústaðnum og þá lenti flugmaðurinn á túninu og fór heim að bústaðnum. Skömmu síðar kom kunninginn sem er einnig einkaflugmaður, á flugvél sinni frá Reykjavík og lenti henni á sama túninu.

Eftir nokkra viðdvöl hugðist flugmaður TF-OWL síðan fljúga til baka til Reykjavíkur. Vindur var þá hagur á vestan eða norðvestan eða um 5 hn. að mati hans og vitnanna. Hann ákvæð að hefja flugið til vesturs og um kl. 17:40 hóf TF-OWL flugið. Flugmaðurinn sem fékk mikið höfuðhöggi, man ekki ljóst atvikarásina sem á eftir fylgdi en hann telur að allt hafi verið með felldu og að hreyfillinn hafi náð eðlilegu flugtaksafli.

Eftir flugtakið tók hann fljótlega hægri beygju og kom síðan lágt til baka til austurs, norðan við og fram hjá þeim stað þar sem kunningarnir voru, en þeir voru í og við bifreið á vegi norðan og utan túnsins og fylgdust með flugi flugvélarinnar.

Eftir að hafa flogið framhjá fólinu, tók flugmaðurinn hægri klifurbeygju til suðvesturs eða áleiðis til Reykjavíkur. Hann segist muna að sér hafi staðið stuggur af hæðardragi sem var framundan og því aukið klifrið eða sveigt aðeins til hægri frá því, en telur jafnframt, að honum hafi fundist sem hreyfillinn skilaði ekki því afli sem hann bjóst við af honum.

Samkvæmt framburði sjónarvotta virtist flugvélin þá hafa hægt flughraðann og sveigt aðeins til hægri, en þeir heyrðu ekki neina breytingu á hreyfillhljóðinu. Flugmaðurinn segist muna að skyndilega hafi flugvélin fallið á vinstri vanginn. Hann hafi reynt að rétta hana af en hún þá strax fallið yfir á hægri vanginn og farið í gorm- eða spunaflug, stungist til jarðar og snúist um 90° til hægri. Flugmaðurinn slasaðist alvarlega og flugvélin skemmdist mikið.

Í skýrslu þessari kemur fram, að líklegasta orsök þessa slyss var sú, að flughraðinn minnkaði svo í klifrinu, að flugvélin ofreis og fél inn í gormflug. Flughæðin var þá ekki nægileg til þess að flugmanninum tókist að ná eðlilegu flugi á ný.

1.16 Prófanir og rannsóknir.

Frumrannsókn á flaki TF-OWL fór fram á staðnum. Öll stjórntaði voru á sínum stað, stjórnvírar voru heilir og stýrisfletir rétt tengdir. Ljóst var af verksummerkjum að hreyfillinn gekk á afli og á miklum snúningi þegar flugvélin kom til jarðar, en snúningshraðamátrinn sýndi þá hámark eða 6500 sn/mín.

Hæðarmátrinn var stilltur á rétt QNH eða á 30,06 tommur. Hraðamátrinn var skemmdur og við prófun kom í ljós, að skemmdin varð í slysinu, en ekkert kom fram sem bent til annars en að hann hefði verið í lagi fyrir slysið.

Frekari skoðun fór fram á flakinu og hreyflinum, eftir að flugvélin hafði verið flutt til Reykjavíkur. Engar viðbótar upplýsingar komu þá í ljós, sem skýrðu nánar atvika- og orsakarás slyssins.

1.18 Viðbótarupplýsingar.

1.18.1 Almennt um TF-OWL. Flugmaðurinn sagði að flugvél sem er heimasmíðuð, hafi verið mjög vel stillt (rigguð) og að hún hefði flogið rétt. Flugvélar af þessari gerð hafa góða afkastagetu og lága aflþyngd eða um 16,2 pund/ha. Flugvélin hefur 6,40 m. vanghaf, hún er 5,34 m. á lengd og hefur stuttan langás. Flugvélin hefur flapastýri (flaperon) en ekki venjubundin hallastýri og flapa. Hún svarar fljótt áhrifum stýra og gefur ekki skýra viðvörum áður en vangur ofris á flugi.

Ofrishraðinn er gefinn upp 27 mílur/klst.(43,5 km).

1.18.2 Hleðsla og jafnvagi. Mesti leyfður þungi flugvélarinnar TF-OWL er 472 kg. Þegar slysið varð, var flugþunginn um 395 kg. og þyngdarpunkturinn var innan tilskilinna marka.

2. GREINING ÞÁTTA.

Fram kom í viðtölu við flugmanninn og vitni að slysinu svo og við rannsókn á flakinu og hreyflinum, að flugvél hafði verið í eðlilegu og góðu ástandi fyrir slysið og ekkert kom í ljós sem benti til þess að nokkuð hafi verið athugavert við hreyfilinn á þeim tíma. Ekkert kom heldur fram við rannsóknina á flaki og hreyfli TF-OWL á slysstað eða í Reykjavík eftir slysið, sem benti til bilunar eða galla í flugvélinni sjálfri eða í hreyflinum.

Allt var með eðlilegum hætti í fluginu fram til þess tíma sem flugmaðurinn hugðist auka klifur eftir að hafa flogið framhjá flugtaksstaðnum og þurfti að eigin mati að sveigja frá hæðardögunum framundan. Hann segir að þa hafi sér fundist sem hreyfillinn hafi ekki skilað þeim afköstum sem hann hafi átt von á að hann gerði.

Af niðurstöðum rannsóknar og athugana á flakinu og af viðtölu við flugmanninn og sjónarvottana virðist líklegast að þegar flugmaðurinn jók klifrið, hafi flughraðinn minnkað þannig að flugvélin ofreis og féll á vinstri vænginn. Ekki liggur ljóst fyrir hvernig flugmaðurinn beitti flapastýrinu (flaperon) en hann segir að þegar hann reyndi að rétta hana af með stýrunum, hafi hún oltið yfir til hægri og inn í gormflug (spiral). Ljóst virðist að flughraðin var þa ekki nægileg til þess að flugmanninum tækist að ná flugvélinni í eðlilegt flug á ný áður en hún kom til jarðar.

Reykjavík 16. október 2000

Rannsóknarnefnd flugslysa